

Grunnskólinn á Suðureyri, Grunnskólinn á Þingeyri  
og Grunnskóli Önundarfjarðar

Skýrsla til Sprotasjóðs um þróunarverkefnið

***Vindum upp segl!***  
***2011–2012***

Ráðgjafi / verkefnisstjóri: Ingvar Sigurgeirsson

Júní 2012

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Leiðir .....	4
Skýrsla Grunnskólans á Suðureyri .....	6
1.–3. bekkur (Vilborg Ása Bjarnadóttir).....	7
4. –7. bekkur (Bryndís Birgisdóttir).....	7
8.–10. bekkur (Snorri Sturluson) .....	7
Skýrsla Grunnskólans á Þingeyri.....	8
Leiðir sem voru valdar - framkvæmd : .....	8
Helstu niðurstöður / ávinningur af vinnu við verkefnið .....	8
Mat á verkefninu – lokaorð .....	9
Skýrsla Grunnskóla Öndurfjarðar .....	10
Samskipti heimila og skóla .....	10
Útikennsla.....	10
Lestraráttak.....	10
Áhugasviðsverkefni .....	11
Mat kennara Grunnskóla Öndunarfjarðar á verkefninu.....	11
Samantekt og niðurstöður .....	12
Tilvísanir .....	13

## Inngangur

Þann 28. 4. 2011 sóttu þrír fámennir grunnskólar í Ísafjarðarbæ um framhaldsstyrk til Sprotasjóðs til að vinna að verkefninu *Vindum upp segl*. Verkefnið var hugsað sem framhald verkefnisins *Árangursríkir kennsluhættir í fámennum skóla* sem styrkt var af Sprotasjóði árinu áður. Skólarnir völdu mismunandi viðfangsefni sem miðaði að auknum gæðum skólastarfs.

Verkefninu voru í umsókn sett eftirfarandi *markmið*:

- Að fylgja eftir og vinna úr hugmyndum og reynslu sem fékkst frá yfirstandandi skólaári, þar sem skólarnir unnu með hugmyndir um samkennslu og einstaklingsmiðað nám.
- Mælanleg markmið er að hverfa frá aldursmiðuðu námi sem tekur til fárra einstaklinga yfir í meira einstaklingsmiðað nám og breytta kennsluhætti sem ganga út á fjölmennari námshópa og samvinnu nemenda og meiri samvinnu kennara. Um er að ræða að þróa námsumhverfi.

Í þessu sambandi var tekið fram:

- Fyrir liggur hver staða skólanna er varðandi viðtekna kennsluhætti. Skólarnir munu síðan halda utan um öll þau gögn og skrá framvindu verkefnisins.
- Á skólaárinu er gert ráð fyrir að skólarnir breyti kennsluháttum sem gerir tilkall til breytts námsumhverfis a.m.k. að einhverju leyti.
- Að loknum ákveðnum reynslutíma verði gerð könnun meðal nemenda til þess að kanna viðhorf þeirra til breytinganna.

Í *rökstuðningi* með umsókn voru eftirfarandi atriði færð fram:

- Skólarnir þrír, Grunnskólinn á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri hafa í vetur unnið að breyttum hugmyndum í námi og kennslu. Skólarnir eru allir mjög fámennir og því mikil samkennsla nauðsynleg, allt upp í fjórir árgangar saman. Vilji er að hverfa frá aldursmiðaðri námskrá yfir í hugmyndir um einn, eða fáa námshópa þar sem tekið er mið af stöðu einstaklings. Mikill vilji er innan skólanna að vinna áfram að hugmyndum sem miða að ofantöldu og samvinnu kennara.
- Í vetur hafa skólarnir allir unnið að verkefnum þessu tengdu m.a. endurskoðun á námskrám sem ekki verða aldursmiðaðar og gerðar tilraunir með því aldursblanda nemendum gefa þeim tækifæri á sveigjanleika í sínu námi.

*Þýðing verkefnisins* var metin svo í umsókn:

- Það hefur komið í ljós með þeirri vinnu sem fram hefur farið í vetur að bæði kennarar og nemendur eru mjög ánægðir með þær hugmyndir og þær tilraunir sem gerðar hafa verið í kennslunni í vetur og fyrir hugaðar eru næsta skóalár.

- Í rauninni er það nauðsynlegt fyrir skólana að bregðast við breyttum aðstæðum, sem er fækkun nemenda og nýta sér í ríkar mæli kosti þess að vera fámennir skólar, en þeir hafa hingað til gert. Þetta gildir um allt skólasamfélagið.

*Stjórnun verkefnisins* hefur verið þannig háttað að Gunnlaugur Dan Ólafsson skólastjóri grunnskólans á Þingeyri hefur verið tengiliður milli skólastjóra og annarra starfsmanna skólanna og ráðgjafa / verkefnisstjóra (Ingvars Sigurgeirssonar).

*Áætluðum afurðum* verkefnisins var lýst með þessum orðum: *Breyttir kennsluhættir sem miða að því að hver og einn nemandi vinni á sínum forsendum. Aukinn samvinna kennara og samvinnunám nemenda.*

Hér verður fyrst gerð grein fyrir þeim leiðum sem farnar voru til að ná markmiðum verkefnisins og sameiginlegum samstarfsþáttum. Einnig er gerð grein fyrir framlagi ráðgjafa / verkefnisstjóra. Síðan eru skýrslur skólanna og loks mat á verkefninu með hliðsjón af markmiðum þess.

## Leiðir

Í fyrsta lagi unnu kennarar, hver í sínum skóla, að afmörkuðum umbótaverkefnum (sjá skýrslur þeirra hér síðar). Í öðru lagi var sameiginleg vinna kennaranna í skólunum þremur með leiðbeinanda í tvö skipti. Í þriðja lagi var vettvangsheimsókn í skóla á Reykjavíkursvæðinu.

Ákveðið var að safna hugmyndum með vettvangsferðum í tvo grunnskóla í Reykjavík þar sem góð reynsla er fengin af aldursblöndun og sveigjanlegu starf. Skólarnir, Norðlingaskóli í Reykjavík og Sjálandsskóli í Garðabæ, voru heimsóttir í nóvember 2011. Í sömu ferð heimsóttu kennarar Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem ráðgjafi / verkefnisstjóri verkefnisins ræddi um kennslu í aldursblönduðum hópum; kennsluhætti og námsmat. Þar var lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Aukna einstaklingsmiðun
- Einstaklingsáætlanir
- Val og valsvæði
- Áhugasviðsverkefni
- Námssamninga
- Aukið samvinnunám
- Nemendur fáist við fleiri raunveruleg verkefni
- Upplýsingatækni verði nýtt með markvissum hætti og nemendum leyft að vinna með ólíka miðla (vefsíðugerð, kvikmyndagerð)
- Leiðsagnarmat

- Formlegt þróunarstarf

Vorið 2012 var verkefnið gert upp á sameiginlegum starfsdegi á Þingeyri. Kennarar og stjórnendur skólanna gerðu grein fyrir vetrarstarfinu (sjá skýrslur þeirra hér á eftir) og ráðgjafi / verkefnisstjóri fjallaði um sóknarfæri í fámennum skólum og einstaklingsmiðun. Þá fjallaði Lilja M. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um námsstöðvar, valsvæði og hringekjur. Loks unnu þátttakendur að því verkefni í hópum að leggja mat á innleiðingu einstaklingsmiðunar í skólunum, m.a. með því að hafa *Matstæki Menntasviðs Reykjavíkur*<sup>1</sup> til viðmiðunar, ásamt því að draga fram æskilegar áherslur í starfinu næsta skólaár.

Hér fara næst skýrslur skólanna.

---

<sup>1</sup> Sjá á þessari slóð:

[http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/skyrslur/einstaklingsmidad-nam\[1\].pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/skyrslur/einstaklingsmidad-nam[1].pdf)

## *Skýrsla Grunnskólans á Suðureyri*

Starfsmenn Grunnskólans á Suðureyri hafa verið þátttakendur í verkefninu í tvö ár og á þeim tíma hafa kennarar setið fyrirlestra um kennsluhætti sem nýtast fyrir fámenna skóla þar sem samkensla er vaxandi vegna fækkunar nemenda. Því verður kennslan flóknari fyrir kennara, sérstaklega þar sem mörgum árgöngum er kennt saman. Auk þess hefur hlutur nýbúa í skólunum verið allt upp í 25% á síðustu árum sem flækir kennsluna enn meir.

Í skólanum okkar höfum við verið með 36–40 nemendur síðustu ár og höfum því skipt þeim í þrjá hópa. Í hópi eitt eru r 1.–3. bekkjar, í hópi tvö 4.–7. bekkjar og í hópi þrjú nemendur 8.–10. bekkjar.

Vitanlega er þetta einnig spennandi viðfangsefni og kennarar hafa verið jákvæðir í að reyna sem flestar aðferðir til að ná árangri. Þá er félagslega flókið að vinna með hópa þar sem aldurmunurinn spannar allt að fjórum árum, eins og er á miðstiginu hjá okkur.

Í þessari þróunarvinnu hefur einnig hefur verið skoðað hvernig hægt sé að auka samvinnu kennara með teymisvinnu, sem er mjög mikilvæg og getur bætt starfið og gert kennara öruggari í sinni vinnu. Í fámennum skólum er hægt að tengja íþrótt- og verkmenntakennara betur hópunum með aukinni samvinnu við umsjónarkennara með reglulegum fundum þeirra um stöðu nemenda og sameiginlegum verkefnum og vera saman í tímum, samþætta greinarnar með einhverjum hætti.

Á síðasta ári var farið yfir ýmsar kennsluáferðir, s.s. leiðsagnarmat, hópavinnu, samvinnunám og ýmsa möguleika sem tengjast því, einstaklingsmiðun í námi sem er flóknara og skilningur á orðinu ekki alltaf sá sami hjá kennurum. Björg Baldursdóttir frá Barnaskólanum á Hólum kynnti vinnu þeirra í fámennum skóla með mikla samkenslu. Farið var yfir foreldrasamvinnu og mikilvægi samtarfs heimila og skóla.

Á þessu skólaári heimsóttum við Norðlingaskóla og Sjálandsskóla og kynntum okkur hvað þar er að gerast en báðir þessir skólar vinna mikið með blöndum árganga og teymisvinnu kennara. Þetta var fróðleg heimsókn og gaf kennurum ýmsar hugmyndir sem hægt er að nýta sér í skólunum okkar. Í ferð okkar suður sátum við fyrirlestur hjá Ingvari Sigurgeirssyni. Ingvar var einnig með okkur á starfsdegi í vor þar sem fjallað var um einstaklingsmiðun og fleira sem lýtur að kennslu í fámennum skólum. Þar kynntu skólarnir það sem þeir hefðu verið að gera og hvað væri framundan.

Allt þetta hafa kennarar verið að nýta sér í vinnu sinni síðasta skólaár og áfram verður unnið að þróun næsta skólaár. Einnig hefur námsmatið verið í endurskoðun. Stefnt er að því að vinna frekar að leiðsagnarmati og öllum áætlunum og skipulagi kennslunnar, teymisvinnu kennara og eflingu foreldrasamstarfs, þó það hafi, að okkar mati verið gott síðustu ár. En gott má bæta. Kennarar eru sammála um að þróunarverkefnið hefur bæði verið gagnlegt, fróðlegt og skemmtilegt auk þess sem

samvinna um þróunarverkefni skólanna á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri er mjög mikilvæg. Vonandi verður um áframhaldandi samvinnu skólanna á næsta starfsári.

Hér eru til viðbótar nokkur atriði sem við höfum unnið með síðasta ár og punktar úr umsögnum frá umsjónarkennurum sem þeir sögðu frá á starfsdegi á Þingeyri 4. júní 2012.

- Hópavinna/samvinna: Ratleikir - nemendur vinna þvert á bekki - blandað í hópa sex til sextán ára.
- Matur í borðsal - Dregið um niðurröðun á borðum vikulega. Tilgangurinn er að vinna að umburðarlyndi og tillitsemi; sextán ára situr hjá sex ára.
- Samvinnuverkefni skólanna: Furðuleikar, skipt í lið frá öllum skólum.

### **1.–3. bekkur (Vilborg Ása Bjarnadóttir)**

Í tengslum við þróunarverkefnið í vetur hefur verið lögð áhersla á aukna samvinnu nemenda og að hún skili sýnilegum verkefnum sem sett hafa verið upp til kynningar. Þá hafa samvinnupróf verið innleidd og hafa þau reynst mjög vel. Þá má nefna þemanám, m.a. tengd árstíðum og hringekju, en hvort tveggja þykir nemendum mjög skemmtilegt.

### **4.–7. bekkur (Bryndís Birgisdóttir)**

Í 4.–7. bekk hefur einkum verið lögð áhersla á eftirfarandi í tengslum við þróunarverkefnið:

- Áhugasviðsverkefni
- Aukin samvinna nemenda

Á næsta skólaárið er stefnt að því að þróa þessi verkefni áfram og að auki að þematengja námsefni.

Áhugasviðsverkefnið kom mjög vel út. Nemendum þótti vinnan skemmtileg og að auki urðu fjölskyldur nemenda þátttakendur þar sem umræða um verkefnið skapaðist við matarborðið og nemendur fengu hjálp við upplýsingaöflun á netinu. Fram kom að foreldrar voru ánægðir með þetta og allir í fjölskyldunni skemmtu sér vel og fræddust saman.

### **8.–10. bekkur (Snorri Sturluson)**

Á þessu aldurstigi hefur megináhersla verið á áhugasviðsverkefni. Nemendur völdu sér viðfangsefni (eitt í hverri viku) og fluttu fyrirlestur um þau í máli og myndum fyrir hópinn (viskukorn). Verkefnin voru t. d. uppáhaldshljómsveitir, sjúkdómar, íþróttagreinir, hnettir, gæludýr, uppgötvanir og merkir Íslendingar. Þetta er áhugasviðsval, sem í senn er fróðlegt og skemmtilegt, þjálfar íslensku, ensku, upplýsingatækni og samvinnu eftir atvikum. Þá eykur flutningurinn sjálfstraust og hæfni nemenda í að koma fram. Gildi þessara vinubragða er ekki síst fólgið í jafningjafræðslu.

## Skýrsla Grunnskólans á Þingeyri

Markmið starfsmanna við Grunnskólann á Þingeyri var að fylgja eftir vinnu úr hugmyndum og reynslu sem fékkst frá síðasta skólaári, þar sem skólinn vann með hugmyndir sem snéru sérstaklega að :

- Samkennslu árganga
- Einstaklingsmiðuðu námi
- Samvinnu kennara
- Fjölbreyttari kennsluaðferðum
- Breyttum kennsluháttum

### Leiðir sem voru valdar - framkvæmd

**Upplýsingaöflun.** Skólinn viðaði að sér efni um ofantalda þætti. Reglulegar samræður voru um nám og kennslu í mikið aldursblönduðum námshópum. Leitað var svara við lykilsurningum: Hvernig er framkvæmd náms og kennslu í skólanum í dag? Hvernig viljum við sjá framkvæmd skólastarfs sem tekur mið af nýrri aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og faglegum sjónarmiðum starfsmanna?

**Vettvangsheimsóknir.** Kynning á skipulagi skóladags í öðrum skólum sem búa við svipaðar aðstæður hvað nemendafjölda varðar. Skólaheimsóknir í skóla sem vinna samkvæmt þeim markmiðum sem samrýmast okkar meginhugmyndum um skólastarf, m.a. Norðlingaskóla og Sjálandsskóla.

**Skref í átt að einstaklingsmiðun.** Skólastarf brotið upp í ákveðinn tíma, þar sem nemendur á ólíkum aldri unnu saman. Allir nemendur unnu samkvæmt áætlun / áformum og í boði voru valkvæð verkefni. Í framhaldi af þeirri vinnu var í boði áhugasviðsval hjá stórum hluta nemenda. Þetta gaf okkur mikilsverðar upplýsingar sem við getum byggt á.

**Samfelld námskrágerð.** Unnið að samfelldri námskrágerð í íslensku og stærðfræði, þar sem ákveðin voru námsþrep, án tillits til aldurs eða námshóps nemanda. Hugmyndin er að þannig geti hver nemandi verið í mismunandi námsþrepum, allt eftir veikleikum og styrkleikum hvers og eins.

### Helstu niðurstöður / ávinningur af vinnu við verkefnið :

- Unnið verði samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu um samkennslu: Það kennsluform þegar blandað er saman nemendum úr tveimur eða fleiri árgöngum í bekk / námshóp og honum kennt sem einni heild, þ.e.s. sem samstæðum hópi nemenda með mismunandi námsþarfir – án varanlegrar aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu.
- Sameiginleg skilgreining kennara á einstaklingsmiðuðu námi verði: Þegar nemandi er að læra miðað við sinn þroska, getu, færni og reynslu. Nám hans tekur því ekki mið af hópi nemenda eða heils bekkjar. Þeir eru því ekki að læra það sama á sama tíma, heldur geta þeir verið að fást við ólík verkefni einir, eða í hópum. Áhugasviðsval í boði fyrir nemendur skólans og aukin



þemavinna í elstu árgöngum. Nemendur bera ábyrgð á sínu námi og byggja það á námsáformum / áætlunum.

- Skipan í námshópa endurskoðað, þeim fækkað en einstaklingum í hópum fjölgað.
- Teymiskennsla kennara. Mynduð hafa verið þrjú teymi kennara sem vinna saman með áherslu í námi nemenda, þar sem undirbúningur og ábyrgð dreifist á fleiri hendur, margbreytileg færni kennara nýtist betur og rýfur einangrun þeirra.
- Opnað á milli rýma og skólinn færður í það horf sem hann upprunalega var hannaður til, að vera „opinn skóli“ með sveigjanlegt skólastarf. Nemendur vinna á stærri svæðum og meiri blöndun árganga. Námsumhverfi gert hvetjandi.

### Mat á verkefninu – lokaorð

Það er samdóma álit kennara skólans að meðan á verkefninu stóð hafi umræðan í skólanum um aukin gæði í skólastarfinu, nemendum okkar til handa, aukist til muna.

Sem dæmi um mat kennara á því þegar starfið var brotið upp má nefna:

- *Mér fannst mjög skemmtilegt, gefandi og spennandi að taka þátt í þessari vinnu og mjög jákvætt og hlakka bara til að fá að prófa eitthvað í þessa átt næsta vetur.*
- *Kennarar að vinna meira og betur saman en áður, styrkleiki í heild, almenn gleði og ánægja – tíminn fljótur að líða.*
- *Veikleiki, þrengsli, húsnæði og búnaður ekki í samræmi við kennsluhættina, óskýr fyrirmæli vegna vals.*

Umræða hefur einnig orðið meðal foreldra og nemenda, en þær hugmyndir sem við höfum verið að fást við hafa verið kynntar bæði foreldrum og nemendum og verið ræddar á fundum Samráðs.

Verkefnið hefur verið kynnt Fræðslunefnd í tengslum við úthlutun úr Sprotasjóði, sameiginlegum fundi í Skólastjórafélagi Vestfjarða í maí á Hólmavík. Einnig kennurum við Grunnskólann í Bolungarvík nú í vor.

Augljóst er að markviss vinna að einstaklingsmiðuðu námi og að þeim markmiðum sem kennarar við Grunnskólann á Þingeyri hafa sett sér, kallar á nánara foreldrasamstarf og endurskoðun á námsmati, með áherslu á leiðsagnarmat. Á næsta skólaári mun því skólinn leggja áherslu á þessa tvo þætti skólastarfsins sérstaklega.

## Skýrsla Grunnskóla Önundarfjarðar

Grunnskóli Önundarfjarðar á Flateyri ákvað í þróunarverkefninu í vetur að taka á ýmsum þáttum og reyna þannig að bæta skólastarfið enn betur. Þau verkefni eru útlistuð hér fyrir neðan.

### Samskipti heimila og skóla

- Ákveðið var eftir vinnu síðasta vetrar að taka upp gullkornakerfi. Þá eru nemendum afhend gullkorn tvisvar í mánuði, þau koma frá kennurum og öðru starfsfólki skólans. Gullkornin geta tengst námi, félagslegu starfi, hegðun og framkomu. Hver nemandi fær tvö eintök, eitt til að fara með heim og annað til að hengja upp í stofu. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og bíða nemendur spenntir eftir gullkornadegi.

Markmiðin með þeim er að:

- að veita foreldum jákvæðar upplýsingar um barnið.
- skapa samræðugrundvöll milli foreldra og nemenda og kennara.
- gefa kost á sameiginlegri upplifun og byggja upp traust foreldra á kennaranum.
- Þessi nálgun hjálpar kennara að einblína frekar á sterkar hliðar nemenda en veikar.
- Foreldrar geta gert mikið úr gullkornunum heima með því að safna þeim saman og hafa á áberandi stað og ræða vel um þau við barnið.

### Útikennsla

Útikennsla í vetur fór fram að mestu leyti í stærðfræði og náttúrufræði. Skólinn er búinn að kaupa pott til útikennslu og ætlar foreldrafélag Grunnskólans og umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar að aðstoða við að útbúa útikennslustofu og þá er hægt að fjölga þeim námsgreinum sem hægt er að kenna úti, t.d. heimilisfræði. Einnig er hægt að tengja allar námsgreinar við útikennslu og stefnt verður að því að nýta útikennslustofuna sem mest allan veturinn áhád veðri.

### Lestraráttak

Kennarar ákváðu vorið 2011 að byrja með lestrarátak strax um haustið 2011 til að bæta lestur og lesskilning. Í áttakinu fólst að:

- Allir nemendur lesa í 10 mín á hverjum morgni í frjálsum lestri
- Markmið lestrarátaksins:
  - Að lestraráhugi og yndislestur aukist
  - Lestrarhraði aukist
  - Búa til “lestrarhesta”
  - Búa til jákvæða ímynd, lestur er ekki bara fyrir “nörda”
- Lesskilningur:

- Lesskilningspróf inn á Mentor
  - Nemendur taka tvö próf yfir veturinn
  - Ekki bara nóg að æfa hraðlestur
  - Ætlunin er að auka lesskilningsverkefni og bókmenntakennslu

Flestir nemendur bættu sig frá hausti til vors og margir mjög mikið. Það verður haldið áfram með átakið næsta vetur og vonast er til að sjá enn betri árangur og þó aðallega í lesskilningi og verður lögð meiri áhersla á hann.

### Áhugasviðsverkefni

Í aðalnámskrá grunnskóla er bent á mikilvægi þess að bjóða upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir til að hægt sé að veita hverjum nemenda sem best tækifæri til náms og þroska. Einnig er bent á að nám eigi að taka mið af hæfileikum, getu, þroska, persónugerð og áhugasviði hvers og eins. Nemendur eiga í lok skólagöngu að hafa öðlast m.a. færni í að vinna á sjálfstæðan, skapandi og ábyrgan hátt undir leiðsögn og notað fjölbreyttar námsaðferðir. Áhugasviðsverkefnin uppfylla alla þessa þætti og eru því mjög hentug til notkunar í skólastarfi.

Áhugasviðsverkefnisvinna í Grunnskóla Öndunarfjarðar veturinn 2011–2012:

- 7.-10. bekkur og 3.-4. bekkur
- Mjög mikil ánægja hjá nemendum að fá að læra eitthvað sem þeir höfðu sérstakan áhuga á
- 7.-10. bekkur gerðu glærusýningu og plakat og héldu kynningu fyrir bekkinn sem síðan gerði jafningjamat á verkefnum
- Nemendur 3.-4. bekkjar útbjuggu plaköt með sínum verkefnum

Mjög mikil ánægja með verkefnin og verður haldið áfram með þau næsta vetur.

### Mat kennara Grunnskóla Öndunarfjarðar á verkefninu

Kennarar við Grunnskóla Öndunarfjarðar eru mjög ánægðir með vinnuna í vetur og telja að mikið gagn hafi verið af henni. Margir hugmyndir kviknuðu og álíta kennarar að þróunarvinna sé nauðsynleg til að efla skólastarf og einnig er mjög gott fyrir þessa þrjá skóla, sem eru fámennir og ekki mikið um teymisvinnu innan þeirra, að vinna saman að því að gera skólana enn betri og byggja upp skólastarfið.

## Samantekt og niðurstöður

Eins og sjá má hér að framan miðaði um margt vel í verkefninu. Helsti *ávinningur* er líklega fólgin í aukinni fjölbreytni í kennslu og námsmatsaðferðum, auk markvissari viðleitni en áður til einstaklingsmiðunar. Þetta sést vel þegar litið er til þeirra aðferða sem kennarar hafa verið að þróa. Nefna má samkennslu árganga, valsvæði og hringekjur, söguaðferðina, samvinnunám, áform, námskrágerð byggða á námsþrepum, áhugasviðsverkefni, samvinnuþróf, fjölbreytt námsmat, leiðsagnarmat, þróun námsumhverfis, lestrarátök, þemaverkefni og útikennslu. Þá má nefna eflingu foreldrasamstarfs og teymisvinnu kennara. Enn má nefna aukið samstarf skólanna, samráð og miðlun hugmynda. Og ekki má gleyma *gullkornakerfinu* sem er einföld hugmynd sem á erindi við nemendur og kennara í öðrum skólum. Hugmyndin mun raunar fengin úr bók Nönnu Christiansen (2010); *Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarfið um nemandann*.

Vart þarf að færa rök fyrir því að þessar aðferðir eru mjög í anda nýrrar Aðalnámskrár.

Á næsta skólaári verður m.a. horft til eflingar foreldrasamstarfs, þróunar nemendasamtala og námssamninga, auk þess að þróa áfram áhugasviðsverkefni. Þá má nefna aukið samstarf kennara, samvinnunám og markvissari nýtingu upplýsingatækni.

Helstu *frávik* frá upphaflegri áætlun felast í því að ekki reyndist mögulegt að efna til þeirra kannana sem gert var ráð fyrir meðal nemenda.

*Kynning* verkefnisins verður með ýmsum hætti, m.a. með því að setja þessa skýrslu á heimasíður skólanna og kynna verkefnið sem víðast, m.a. fyrir fræðsluþingum í sveitarfélaginu, Félagi skólastjórnenda á Vestfjörðum og öðrum grunnskólum á svæðinu.

## Tilvísanir

Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarfið um nemandann*.  
Reykjavík: Höfundu